

33. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 17. nóvember kl. 15:00.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Aldís Hafsteinsdóttir og Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Björn Ragnarsson og Ingibjörg Ólafsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri (ANR) Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, voru fjarverandi vegna þingstarfa. Bogi Nils Bogason boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar.
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og verður birt á vefsíðu ANR.
2. Áfangastaðastofur – kynning á framtíðarfyrirkomulagi og samkomulagsdrögum við landshlutasamtök sveitarfélaga.
Gerð grein fyrir fundum ANR, FMS og SF með landshlutasamtökum sveitarfélaganna.
Framhaldið rætt.
3. Árangur ferðaþjónustufyrirtækja sumarið 2020 – kynning á könnun Gallup fyrir Ferðamálastofu.
Ferðamálastjóri kynnti helstu niðurstöður könnunarinnar.
4. Ferðamál í stjórnsýslunni í kjölfar starfsloka Stjórnstöðvar ferðamála.
Rætt um starfsemi og árangur af starfi Stjórnstöðvar í ljósi áhrifa COVID-19 heimsfaraldursins og mögulegt framhald þess í einhverri mynd.
5. Önnur mál.
Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:00